


02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Ársskýrsla 2019

01.04.2020

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Nám - Námsframboð.....	3
3	Skipting nemenda eftir búsetu	4
4	Kennsla og stjórnun	5
5	Sjálfsmat.....	6
6	Afkoma, rekstrarstaða.....	6
7	Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2019-2022.....	6
8	Brottfall	7
9	Samvinna við aðra	8
10	Speglaðir kennsluhættir	9
11	Lokaorð	9



1 Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur starfað frá haustönn 2004. Við stofnun hans var horft til nýrra kennsluhátta og var skólabyggingin hönnuð og teiknuð með það í huga. Við höfum þá stefnu að leiðarljósi að vera framsækinn skóli og höfum við unnið undanfarið að því að innleiða vandinám ásamt því að halda áfram að þróa leiðsagnarmat. Við höfum lagt áherslu á að vera samkeppnishæf við aðra skóla í fjarnámi þar sem fjöldi nemenda á upptökusvæði skólans sem ljúka grunnskóla er minni en verið hefur en að öllum líkindum er þessi fækkun aðeins tímabundin.

Nemendur

Innritaðir nemendur voru á 186 á vorönn og 211 á haustönn. 25.maí voru 26 nemendur útskrifaðir frá skólanum. 25 þeirra luku stúdentsprófi og einn lauk námi á starfsbraut. 17.desember voru tíu nemendur útskrifaðir. Átta þeirra luku stúdentsprófi, einn lauk viðbótarnámi til stúdentsprófs og einn lauk framhaldsskólaprófi af framhaldsbraut 1.

Fjöldi	Vorönn 2019	Haustönn 2019
Nemendur	186	211
Dagskóli/grunnskóli	139	141
Fjarnám/ utanskóli	47	70
Karlar	83	96
Konur	103	115
Útskrifaðir	26	10

2 Nám - Námsframboð

Við skólann eru þrjár brautir til stúdentsprófs, þ.e. félags- og hugvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og opin braut til stúdentsprófs. Við skólann er rekin starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólabraut 1 og 2. Þá hefur verið boðið upp á fiskeldisbraut síðan haustið 2018.



Heiti brautar	Fjöldi nemenda vorönn 2019	Fjöldi nemenda haustönn 2019
Félags- og hugvísindabraut	94	73
Fiskeldisbraut	0	0
Framhaldsskólabraut 1	3	8
Framhaldsskólabraut 2	8	24
Náttúru- og raunvísindabraut	31	36
Starfsbraut	10	8
Opin braut til stúdentsprófs	39	60
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	2
Samtals	186	211

3 Skipting nemenda eftir búsetu

Nemendur í FSN sem stunda nám í dagskóla koma af upptökusvæði skólans en það er Snæfellsnes og sunnanverðir Vestfirðir:

Búseta	Dagskóli vor 2019	Dagskóli haust 2019
Grundarfjörður	31	25
Stykkishólmur	37	46
Snæfellsbær	45	46
Vesturbyggð	21	17
Tálknafjörður	5	7
Samtals	139	141



Nemendur sem stunda fjarnám við skólann koma af öllu landinu og einnig af Snæfellsnesi.

Búseta	Fjarnámsnemendur vor 2019	Fjarnámsnemendur haust 2019
Grundarfjörður	2	7
Stykkishólmur	7	5
Snæfellsbær	4	7
Vesturbyggð	3	1
Tálknafjörður		
Höfuðborgsv.	10	17
Akranes/Borganes	4	6
Annað	17	27

4 Kennsla og stjórnun

Við skólann starfa 33 starfsmenn:

- Skólameistari í 100% starfi
- Aðstoðarskólameistari í 75% starfi
- Fjármála- og skrifstofustjóri í 50% starfi
- Námsráðgjafi í 50% starfi
- Deildarstjóri á Patreksfirði í 100% starfi
- Deildarstjóri starfsbrautar í 100 % starfi
- Umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi
- Skrifstofufulltrúi í 90% starfi
- Kerfisstjóri í 25% starfi
- Þroskaþjálfari í 100% starfi
- Stuðningsfulltrúi á starfsbraut í Grundarfirði í 100% starfi
- Mannauðsstjóri í 25% starfi
- Kennarar skólans voru 19 í 14 stöðugildum.
- Tveir ræstitækna í 50% stöðu og 12,5 % stöðu
- Tveir matráðar í 100% stöðu og 62% stöðu



5 Sjálfsmat

Við skólann starfar sjálfsmatshópur sem vinnur samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Sjálfsmatshópur hefur unnið að hefðbundnu innra mat og sjá má skýrslu um sjálfsmat á heimasíðu skólans [Skýrslur um sjálfsmat FSN](#) og þar má einnig sjá [sjálfsmatsáætlun](#) skólans.

Tveir húsfundir voru haldnir á árinu. Annar var haldinn í apríl og hinn í nóvember. Á húsfundinum sem haldinn var í matsal skólans sátu nemendur og starfsmenn í hópum ræddu skólastarfið og hvað færi vel og hvað mætti fara betur.

6 Afkoma, rekstrarstaða

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Samkvæmt ársreikningi 2019 þá var greiðslustaða við ríkissjóð jákvæð.

7 Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2019-2022

Markmið í stefnu FSN	Staða árangursmælikvarða	Framvinda og ávinningur af áhersluverkefni
Markmið A1 Að auka aðgengi að tækni-, starfs- og framhaldsnámi þar sem gæði eru tryggð.	Í desember 2019 var gert samkomulag á milli ráðuneytis og framhaldsskóla um starfsnám á landsbyggðinni og þá var ráðinn verkefastjóri í 50% starf til að halda utan um verkefnið og leiða vinnu við það.	Í FSN bindum við miklar vonir við þetta samstarf og vonumst til að nemendur okkar hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi. Við stefnum að því að geta innleitt sameiginlegt undirbúningsnám á 1. og 2. þrepi í löggiltum iðngreinum.
Markmið A2 Fylgst verður með hlutfallslegri aukningu á útskriftum á brautum. Staðan verður	Skimunarpróf hafa verið notuð til að skilgreina nemendur sem eru í áhættuhópum, unnið er að	Stór hluti nemenda lýkur stúdentsprófi á tilskildum tíma. Áfram er unnið að því að minnka brottfall.



tekin eftir fjögur ár frá innritun. Stefnt er að því að fjölga nemendum sem útskrifast á tilskildum tíma og sinna þeim sem eru í áhættu á slöku gegni í námi og brotthvarfi úr skóla.	endurskoðun á námsbrautum skólans, þar með talið framhaldsskólabrautum.	
Markmið A3 Efla ímynd skólans og kynningu á starfsemi hans, m.a. fjarnámsmöguleika við skólann.	Umferða á heimasíðu, fésbókarsíðu og instagram FSN er stöðug og nýjar fréttir koma inn með reglulegu millibili.	Með aukinni kynningu á samfélagsmiðlum verður skólinn þekktari sem ákjósanlegur valmöguleiki til að sækja um skólavist.
Markmið B1 Að efla mannauð skólans, allir nemendur og allt starfsfólk sé metið að verðleikum,	Skólinn er vel mannaður og nær allar stöður skipaðar einstaklingum með tilskylda menntun eða einstaklingum sem eru að ljúka námi.	Niðurstöður í viðhorfskönnunum, stofnun ársins og frá húsfundum sýna ánægju með starfsemi skólans.
Markmið B1 FSN tekur fullan þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.	Heilsueflingarteymi byrjað vinnu við verkefnið og tveir starfsmenn á leið á ráðstefnu erlendis til að kynna sér helstu nýjungar varðandi heilsueflandi framhaldsskóla.	Skipulega unnið að fræðslu og forvörnum. Mötuneyti býður upp á hollan mat í anda lýðheilsu. Íþróttáfangar endurskoðaðir og boðið upp á fjölbreytt nám í lýðheilsu. Íþróttabraut í boði.
Markmið B3 Allar stefnur og áætlanir uppfærðar og skólanámskrá skrifuð.	Verið er að skrifa skólanámskrá. Stefnur og áætlanir eru aðgengilegar á síðu skólans og hafa verið yfirfarnar.	Unnið verður markvisst eftir stefnum og áætlunum.

8 Brottfall

Við vinnum að því að minnka brottfall eins og hægt er. Ef nemendur ná ekki að uppfylla skólareglur vegna ástundunar þá er þeim boðið að skrifa upp á samning við skólameistara um bætta ástundun. Námsráðgjafi hefur þá hitt nemendur reglulega og



hjálpað þeim við að skipuleggja vinnu sína og bæta ástundun í náminu. Þessi aðferð hefur gefist mjög vel og hefur orðið til þess að nemendur taka sig á í náminu og ná oft tilskildum árangri. Á vorönn sögðu tveir nemendur sig úr námi og fimm sögðu sig úr námi á haustönn eða samtals sjö nemendur.


9 Samvinna við aðra

Samstarf við aðra Fjarmenntaskóla hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN getur ekki boðið upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmenntaskólunum. Einnig stunda nemendur annarra fjarmenntaskóla fjarnám við FSN.

Áframhald hefur orðið á samvinnu við grunnskólana á upptökusvæði skólans. Tveir fundir voru haldnir með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar skipulagt. svæðinu. Við höfum boðið upp á svokallaðan Framhaldsskólahermi þar sem nemendum 10.bekkjanna var boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Þessi dagur hefur komið í staðinn fyrir opið hús og hefur gefist vel og vakið lukku hjá nemendum. Þá höfum við sameinast um fræðsludaga með leik- og grunnskólum á Snæfellsnesi.

10.bekkingar á upptökusvæði skólans, þ.e. á norðanverðu Snæfellsnesi og frá sunnanverðum Vestfjörðum hafa átt kost á því að sækja nám í inngangsföngum í FSN hafi þeir lokið námsefni á 1.þrepi.

Í október 2019 var haldið Skólamálalæping Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSS) og snæfellskra skólastofnana. Þingið var haldið í húsnaði FSN í Grundarfirði. Þar komu saman starfsmenn leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Yfirskrift þingsins var „Líðan og samskipti í skólastarfi.“ Þetta þing heppnaðist einstaklega vel. Þingið hófst á líflegu erindi Eypórs Eðvarðssonar frá Þekkingarmiðlun, „Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti – af fræðilegum og skemmtilegum vinklum um samskipti á vinnustöðum“. Síðan fóru fram umræður, með aðferð sem kallast Open Space Technology, eða „Opið rými“¹. Þátttakendur stungu upp á umræðuefnum, sem síðan voru rædd í minni hópum, sem urðu samtals 22. Loks var málaflokkum forgangsraðað eftir mikilvægi. Mikil ánægja kom fram með þetta tækifæri til samtals og nú er í höndum skólanna og FSS að fylgja skilaboðum Skólamálalæpings á Snæfellsnesi 2019 eftir.



Starfsbrautin hefur átt gott samstarf við ýmis fyrirtæki á svæðinu en nemendur á brautinni hafa farið í starfsnám, kynninga og heimsóknir.

Skólinn tók þátt í tveimur Erasmusverkefnum á árinu. Annað verkefnið heitir Science Around Us. Það er samstarfsverkefni sex skóla í jafnmörgum löndum og mun standa yfir í tvö ár eða til ársins 2020. Löndin sem taka þátt eru Grikkland, Finnland, Malta, Frakkland, Pólland og Ísland. Munu nemendur ásamt kennurum fara í ferðir til þessara landa. Umfjöllunarefni í þessu verkefni er orka, umhverfið og loftlagsbreytingar og náttúruvísindi.

Hitt verkefnið snýst m.a. um speglaða kennsluhætti (Flipped Learning) og gefur starfsfólki möguleika á að fara erlendis og kynna sér starfshætti í öðrum skólum varðandi speglaða kennsluhætti. Skólastjórnendur fóru á ráðstefnu ECO-MEDIA í Grikklandi þar sem þeir kynntust m.a. hugmyndum um speglaða kennsluhætti.

10 Speglaðir kennsluhættir

Stjórnendur fóru á ráðstefnu [EcoMedia](#) í Grikklandi í júní 2019 þar sem m.a. var fjallað um speglaða kennsluhætti. Skólinn fjárfesti í gagnvirkri töflu sem hefur komið að góðum notum við kennslu af þessu tagi og nýttist sérstaklega vel fyrir fjarkennslu.

11 Lokaorð

FSN hefur nú lokið sínu 15. starfsári. Þegar skólinn var stofnaður árið 2004 var hann frábrugðinn öðrum framhaldsskólum að mörgu leyti. Hér voru kennsluaðferðir miðaðar við verkefnanám og kennslan fór fram í opnum rýmum. Fyrirlestrar voru lítið nýttir sem kennsluform og áherslan var á „learning by doing“, þ.e. talið var að nám gengi betur í verkefnamiðuðu námi.

Árið 2007 fór fram ytra mat í skólanum. Ein af niðurstöðum þessarar úttektar var að matsaðferðir skólans samræmdust ekki óhefðbundnum kennsluaðferðum. Í skólanum voru hefðbundin lokapróf fyrstu árin en eftir þessa úttekt var farið í að innleiða leiðsagnarmat og frá og með 2009 var leiðsagnarmat sú námsmatsaðferð sem var notuð



í skólanum. Árið 2016 voru lokapróf tekin út af skóladagatali og síðan þá hafa ekki verið sérstakir prófadagar við skólann þar sem allir kennarar nota leiðsagnarmat í öllum áföngum.

Skólinn hefur alltaf reynt að vera framsækinn framhaldsskóli og starfsfólk við skólann fylgist með nýjungum í kennslufræði og reynir að nýta sér þær til hin ítrasta. Í skólanum er góður skólabragur og mikill mannauður bæði í áhugasömu starfsfólki og metnaðarfullum nemendum. Við horfum full tilhlökkunar til næstu 15 ára og erum með fullt af hugmyndum að nýjungum.